

22. tbl.

4. júní 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Messa með fermingu í Nesi

Messa með fermingu verður í Nesi
næstkomandi
laugardag, 8. júní klukkan 14:00

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.



Fræðsludagskrá Vatnajökulsþjóðgarðs

Velkomin öll í fræðslugöngur, barnastundir
og sérvíðburði um þjóðgarðinn í allt sumar.
Nánari dagskrá á vef þjóðgarðsins.



Skannaðu kóðann og
skoðuðu fræðsludagskrána





Sunnudag 9. júní kl. 14:00 í Skjólbrekku Mývatnssveit

Ljóðið *Sveitin mín* eftir Sigurð Jónsson skáld frá Arnarvatni við lag Bjarna Þorsteinssonar er enn sungið um allt land. Það er eitt af okkar fögru ættjarðarljóðum og hefur verið kallað þjóðsöngur íslenskra byggða.

Dagskrá tileinkuð ljóðinu, skáldinu og alþýðumeningu.

Sigurður Jónsson frá Arnarvatni – Helga Jónsdóttir

Sagt er frá ævi og störfum Sigurðar í myndum og máli.

Sveitin mín og okkar allra – Þórður Helgason

Fjallað er um bragarháttinn tríolettu og uppruna hans og dreifingu. Þar kemur Jónas Hallgrímsson við sögu en hann var upphafsmaður háttarins á Íslandi. Sagt er frá Sigurði og hans ljóði sem sló svo eftirminnilega í gegn. Að lokum er gerð grein fyrir dreifingu háttarins um allt land.

Sögur og sveitarskald. Einkennilegir menn og skáldfeðgarnir

Jón og Sigurður – Viðar Hreinsson

Fjallað er um einn síðasta fulltrúa gömlu handritamenningarinnar, Helga Jónsson frá Stafnsholti í Reykjadal. Stiklað verður á sagnabáttum hans, helst um einkennilega menn, og sagt frá erfikvæðum feðganna Jóns Hinrikssonar og Sigurðar Jónssonar um tvo þeirra, Jónatan barn og Sigurð malla.

Tónlistartriði

Blandaður kór heimafólks undir stjórn Steinþórs Þráinssonar

Kaffi

Öll velkomin

Hulda

náttúruhugvísindasetur

hulda-setur.is



Fjölærar plöntur og skrautgrös

Auður I. Ottesen garðyrkjufræðingur og ritstjóri
Sumarhússins og garðsins

Fjölærar blómplöntur og skrautgrös eru fjársjóður sem gefur gleði allan ársins hring. Þær sígrænu á veturna, blómrikar og blaðfallegar frá vori og fram á haust. Á námskeiðinu verður fjöldi tegunda fjölæringa og skrautgrasa kynntur. Hugað að blómrikum garði, tegundum sem blómgast að vori og svo koll af kalli fram á vetur. Skoðað hvaða tegundir henta í trjábedin, í blómabeð, í potta og í blómaengi. Einnig tegundir sem breiða úr sér með sáningu og jarðrenglum, þær henta vel í blómaengi og villta garða. Farið yfir ræktun, næringarþörf og fjölgun og hugað að því hvernig má raða fjölæringum eftir útliti, hæð, lit og lögun blada og blóma og þær sem ilma vel. Fjöldi mynda prýðir námskeiðið og nemendur fá glærurnar að því loknu.

13. júní 2024 | kl.17-18:30

Verð: 10.500 kr

Athugið að námskeiðið er öllum opið og minnum við þátttakendur á að athuga með endurgreiðslu námskeiðsgjalda hjá sínu stéttarfélagi.

Skráning á www.hac.is og hac@hac.is

Þjóðsögur úr Þingeyjarsveit

Kannt þú þjóðsögur úr Þingeyjarsveit?

Anna Karen Unnsteins, þjóðfræðingur, leitar að óskráðum þjóðsögum úr sveitarfélaginu. Í lok verkefnisins, haustið 2024, verða sögurnar sem safnað verður gefnar út í bók, ásamt því að vera aðgengilegar á netinu.

Sögurnar geta verið margs konar, t.d. um drauga, hvernig örnefni urðu til, sögur um skemmtilegt fólk, um álagabletti, huldufólk og álfa ofl.

Verkefnið er styrkt af Nýsköpunarsjóði Námsmanna og Þingeyjarsveit og unnið í samstarfi við Huldu náttúruhugvísindasetur og námsbraut í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Frekari upplýsingar um verkefnið má nálgast hjá Önnu Karen í síma 698-6970 eða í tölvupósti á aku1@hi.is

Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins, Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing kr. 4.600.- m.vsk
heilsíðuauglýsing kr. 6.620.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpuna er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386